

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta VinnuMálastofnunar – Nóvember 2018

Skráð atvinnuleysi var 2,5% í nóvember

Skráð atvinnuleysi í nóvember var 2,5% og jókst um 0,1 prósentustig frá októbermánuði. Að meðaltali fjölgaði um 885 á atvinnuleysisskrá í nóvember í ár frá nóvember í fyrra (2017), en þá mældist skráð atvinnuleysi 2,1%.

Atvinnuleysi jókst um 0,2 prósentustig á höfuðborgarsvæðinu frá október og var 2,7%. Atvinnuleysi jókst um 0,3 prósentustig á landsbyggðinni frá október og var 2,3%. Alls voru 2.485 karlar að jafnaði atvinnulausir í nóvember og 2.126 konur. Var atvinnuleysi 2,5% meðal karla og 2,6% meðal kvenna og jókst um 0,2 prósentustig meðal karla svo og kvenna frá október.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í nóvember eða 3,9% en minnst á Norðurlandi vestra 1,3% og 1,4% á Vesturlandi.

Alls fóru 614 einstaklingar af skrá í nóvembermánuði, þar af fóru 340 í vinnu eða vinnumarkaðsúrræði eða um

55%. Þá voru 189 (31%) einstaklingar afskráðir því þeir staðfestu ekki atvinnuleit í lok nóvember, mættu ekki í boðað úrræði eða viðtal, fengu synjun eða drógu umsókn til baka.

Alls komu inn 107 ný störf sem auglýst voru í vinnu-miðlun hjá VinnuMálastofnun í nóvember.


Greiddar voru 1.118 milljónir í atvinnuleysistryggingar í nóvember, 1.028 milljónir vegna hefðbundinna atvinnuleysistrygginga, 57 milljónir vegna tekjutengdra trygginga og 33 milljónir vegna barnadagpeninga.

Í nóvember gaf VinnuMálastofnun út 213 atvinnuleyfi til útlendinga til að starfa hér á landi. Hefur stofnunin gefið út 1.982 atvinnuleyfi það sem af er ári.

Samkvæmt skráningu til VinnuMálastofnunar voru samtals 28 erlend fyrirtæki starfandi í nóvember 2018. Fjöldi starfsmanna á vegum erlendra fyrirtækja var samtals 166 í nóvember.

Alls voru 1.724 erlendir ríkisborgarar án atvinnu í lok nóvember eða um 34% allra atvinnulausra en var 28% allra atvinnulausra í nóvember 2017.

Skráð atvinnuleysi frá nóv. 2016 til nóv. 2018




Greining atvinnuleysis

Atvinnuleysi í nóvember og horfur til næstu mánaða

Skráð atvinnuleysi í nóvember mældist eins og fyrr segir 2,5% og voru að jafnaði 4.611 einstaklingar á atvinnuleysissskrá í mánuðinum. Að meðaltali fjölgaði atvinnulausum um 376 á atvinnuleysissskrá frá október. Hins vegar voru í nóvember 885 fleiri á atvinnuleysissskrá en í nóvember 2017.

Búseta atvinnulausra, kyn og aldur

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í nóvember eða 3,9% og 2,7% á höfuðborgarsvæðinu. en minnst á Norðurlandi vestra 1,3% og 1,4% á Vesturlandi.



Alls voru 2.485 karlar að jafnaði atvinnulausir í nóvember og 2.126 konur og var atvinnuleysi 2,5% meðal karla og 2,6% meðal kvenna. Atvinnuleysi jókst um 0,2 prósentustig milli mánaða hjá körlum svo og konum.

Alls voru 612 einstaklingar á aldrinum 18-24 ára atvinnulausir í lok nóvember í ár sem samsvarar um 2,4% skráðu atvinnuleysi. Atvinnulausum ungmennum hefur fjölgað um 134 frá nóvember 2017 þegar fjöldi atvinnulausra á þessu aldursbili var 478.

Lengd atvinnuleysis

Alls höfðu 961 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok nóvember en voru 838 í nóvemberlok 2017. Hefur þeim því fjölgað um 123 milli ára. Hlutfall langtíma-atvinnulausra var um 19% af öllum á atvinnuleysissskrá í nóvember í ár en var um 20% í nóvember í fyrra (2017).

GREIÐSLUSTOFA GREIDDI

1.118 milljónir í nóvember

Par af voru:

1.028 milljónir vegna hefðbundinna atvinnuleysistrygginga.

33 milljónir vegna barnadagpeninga.

57 milljónir vegna tekjutengdra atvinnuleysistrygginga.

Atvinnugreinar og starfsstéttir


Atvinnulausum fjölgaði í flestum atvinnugreinum í nóvember í ár frá nóvember í fyrra, (2017) nema í landbúnaði og lítil breyting var í fjölda atvinnulausra í upplýsinga- og fjarskiptastarfsemi svo og í menningar- og þjónustustarfsemi. Mesta fjölgun atvinnulausra var í ýmis konar sérhæfðri þjónustu, gistingu- og veitinga- greinum og iðnaði milli ára.

Að því er varðar fjölda atvinnulausra eftir starfsstéttum þá fækkaði sérfræðingum svo og sérmenntuðu starfsfólki lítilsháttar á atvinnuleysissskrá frá nóvember í fyrra til nóvember í ár, en fjölgaði í öðrum starfsstéttum. Mesta fjölgun atvinnulausra varð meðal vélafólks og iðnaðarmanna.

Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 1.724 erlendir ríkisborgarar án atvinnu í lok nóvember eða um 34% allra atvinnulausra. Í nóvember 2017 var hlutfall erlendra ríkisborgara 28% allra atvinnulausra. Þessi fjöldi samsvarar um 5,2% atvinnuleysis meðal erlendra ríkisborgara.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara skipt eftir þjóðerni í lok nóv. 2018




Flestir erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysisráðu komu frá Póllandi eða 960, sem er um 56% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisráðu. Því næst koma Litháar og Lettar, en færri af öðrum þjóðernum.

Horfur til næstu mánaða

Gera má ráð fyrir að atvinnuleysi muni aukast í takt við árstíðasveiflu í desember og verða á bilinu 2,4% til 2,7%.

Erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysisráðu, þróun síðustu 2 ár



Þjónusta við atvinnuleitendur

Vinnumiðlun, ráðgjöf og þjónusta við einstaka hópa


Atvinnuleitendur sem fóru af skrá

Alls fóru 614 einstaklingar af skrá í nóvembermánuði, þar af fóru 340 í vinnu eða vinnumarkaðsúrræði eða um 55%. Þá voru 189 (31%) einstaklingar afskráðir því þeir staðfestu ekki atvinnuleit í lok nóvember, mættu ekki í boðað úrræði eða viðtal, fengu synjun eða drógu umsókn til baka. Gera má ráð fyrir að stór hluti þeirra hafi farið í vinnu.

Ýmsar aðrar ástæður eru fyrir afskráningu þeirra sem eftir standa, 24 einstaklingar voru afskráðir þar sem þeir voru óvinnufærir, 18 einstaklingar fóru í fæðingarorlof og 12 fluttu úr landi.

Hlutfallslega afskráðust fleiri karlar en konur í nóvember, 53% voru karlar en 47% konur. Um 79% afskráðra eða 488 manns, höfðu verið atvinnulausir í innan við hálf t.ár og 13% (77) í 6 til 12 mánuði. Um 8% afskráðra (49) höfðu verið atvinnulausir lengur en eitt ár.

Ástæður þess að fólk fór af atvinnuleysisráðu í nóvember 2018



Hlutfallslega voru flestir afskráðra í aldurshópnum 18-29 ára, eða 41%. Um 28% voru 30-39 ára og 31% afskráðra 40 ára eða eldri.

Auglýst störf í vinnumiðlun í nóvember

Alls komu inn 107 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í nóvember. Um nokkuð fjölbreytt störf var að ræða en mest störf iðnaðarmanna eða 28 störf. Þá voru auglýst 23 störf verkafólks í iðnaði, landbúnaði og skyldum greinum. Flest auglýstra starfa teljast almenn störf eða um 74%. Annað er ýmist átaksverkefni, reynsluráðningar eða störf fatlaðra.

Tæplega helmingur þessara starfa eða 49% var á höfuðborgarsvæðinu, 28% á Suðurlandi og 8% á Norðurlandi eystra. Þá voru 15% annars staðar á landinu.

Auglýst störf eftir starfsstétt	Fjöldi	Hlutfall
Stjórnunar- /sérfræði- /skrifstofustörf	22	21%
Þjónustustörf	15	14%
Afgreiðslustörf	7	7%
Iðnaðarmenn	28	26%
Verkafólk í þjónustu	12	11%
Verkafólk í iðnaði, landbúnaði o.fl.	23	21%
Samtals	107	100%

Þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum

Einn hluti vinnumarkaðsaðgerða er að bjóða atvinnuleitendum upp á fundi, viðtöl, námskeið, námsleiðir, endurhæfingu og önnur úrræði sem eru til þess fallin að styrkja stöðu atvinnuleitandans í atvinnuleit sinni. Þá stendur atvinnuleitendum sem verið hafa atvinnulausir um lengri tíma til boða að taka þátt í starfsþjálfun og frumkvöðlastarfi innan fyrirtækja eða stofnana og fara þá af skrá tímabundið á meðan á úrræðinu stendur.


Í nóvember tóku 1.296 einstaklingar þátt í úrræðum eða starfsþjálfunarverkefnum. Flestir eða um 498 einstaklingar fóru í ýmiss konar grunnúrræði. Grunnúrræði eru stutt úrræði sem standa öllum atvinnuleitendum til boða. Þar má nefna starfsleitarnámskeið, ferilskrárgerð, markmiðasetningu og sjálfsstyrkingu. Þá fóru 474 einstaklingar á ýmiss konar námskeið. Í flestum tilvikum var þar um að ræða íslenskunámskeið fyrir útlendinga en nokkrir fóru á tölvu- og bókhaldsnámskeið eða önnur starfstengd námskeið. Þá voru 70 einstaklingar

skráðir í lengra nám á framhalds- eða háskólastigi og 90 einstaklingar voru í endurhæfingarúrræðum.

Atvinnuleitendur hafa haft möguleika á að vinna að þróun eigin viðskiptahugmyndar með aðstoð ráðgjafar og handleiðslu til þess að skapa sér starf til framtíðar. Í nóvember unnu 35 einstaklingar að slíkri hugmynd. Þá voru 82 einstaklingar í starfstengdum vinnumarkaðsúrræðum, flestir í almennri starfsþjálfun eða í frumkvöðlastarfi innan fyrirtækja og stofnana.

Loks voru 47 einstaklingar með vinnusamning öryrkja í nóvember. Vinnusamningar öryrkja eru endurgreiðslusamningar við atvinnurekendur sem hafa ráðið fólk með skerta starfsgetu til starfa. Þeim samningum er ætlað að auka tækifæri atvinnuleitenda með skerta starfsgetu til að ráða sig í vinnu á almennum markaði.

Þátttaka í námskeiðum og úrræðum í nóvember 2018




**FÆÐINGARORLOFSSJÓÐUR
GREIDDI**

**1.117 milljónir í nóvember
til 4.586 foreldra**

Atvinnuleit og flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis í allt að þrjá mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í nóvember var gefið út 51 slíkt vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu.

Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, nóvember 2018




Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 33 einstaklingar. Þrjár einstaklingar fóru til Spánnar og einnig til Lettlands og Litháen. Níu einstaklingar fóru til sjö annarra ríkja. Það sem af er ári hafa verið gefin út 564 U2 vottorð. Í nóvember komu tveir einstaklingar til landsins í atvinnuleit með slíkt vottorð frá öðrum EES-ríkjum. Það sem af er ári hafa 55 einstaklingar komið til landsins með slíkt vottorð.

ÁBYRGÐASJÓÐUR LAUNA GREIDDI

50 launamönnum

vangoldin laun vegna gjaldþrota fyrirtækja í nóvember.

Útflutt réttindi í atvinnuleysisstryggingakerfinu eftir löndum, nóvember 2018



Einstaklingar sem hafa unnið á Íslandi hafa einnig þann möguleika að óska eftir staðfestingu á atvinnuleysis-tryggingu sinni með það að markmiði að flytja hana til annars EES-ríkis. Í slíkum tilvikum sækja þeir um U1 vottorð. Í nóvember voru gefin út 155 U1 vottorð. Flest vottorðin voru gefin út til Tékklands (52) sem er ólíkt undanförunum mánuðum þar sem flest vottorð hafa verið gefin út til Póllands. Í nóvember fóru 42 vottorð til Póllands, 10 til Slóvakíu og níu til Spánnar. Það sem eftir stendur, eða 42 vottorð, voru gefin út til 16 annarra ríkja. Það sem af er ári hafa verið gefin út 1.100 U1 vottorð.

HÓPUPPSAGNIR

Í nóvember var tilkynnt um

2 hópuppsagnir

þar sem 233 starfsmönnum var sagt upp störfum, öllum á Suðurnesjum, 213 í flutningum og 20 í fiskvinnslu.


Útlendingar

Útlendingar á íslenskum vinnumarkaði

Helmingur útlendinga, sem fengið hafa atvinnuleyfi, er yngri en 30 ára.

Í nóvember gaf Vinnumálastofnun út 213 atvinnuleyfi til útlendinga til að starfa hér á landi. Hefur stofnunin gefið út 1.982 atvinnuleyfi það sem af er ári. Af útgefnum leyfum í nóvember voru 67 til nýrra útlendinga á íslenskum vinnumarkaði, 77 framlengd leyfi og 43 leyfi til námsmanna. Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í nóvember, hvort sem var nýtt eða framlengt, fengu það vegna starfa sem krefjast sérfræðipekkingar eða sérmenntunar svo sem stjórnendastörf, kennarastörf eða störf í heilbrigðisgeiranum eða 76 leyfi. Þá voru gefin út 48 leyfi vegna þjónustustarfa og 42 leyfi vegna verkafólks í fiskvinnslu, landbúnaði og skyldum greinum.

Atvinnuleyfi eftir starfsgreinum í nóvember 2018




Erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru samtals 28 erlend fyrirtæki starfandi í nóvember 2018. Fjöldi starfsmanna á vegum erlendra fyrirtækja var

samtals 166 í nóvember. Á tímabilinu janúar til nóvember 2018 voru 114 erlend fyrirtæki starfandi á íslenskum vinnumarkaði með samtals 1.099 starfsmenn samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar. Þetta er sjö fyrirtækjum færri svo og 700 færri starfsmenn en á sama tíma í fyrra. Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra sem erlendra samtals 1.383 í mánuðinum á vegum 25 starfsmannaleiga.

Ný atvinnuleyfi eftir tegund í nóvember 2018



Rannsóknir og þekking

Norræn rannsókn um vinnumarkað framtíðarinnar

Almennt um rannsóknina

Á árinu 2017 fór í gang þriggja ára norrænt rannsóknarverkefni sem ber heitið **The Future of Work: Opportunities and challenges for the Nordic Models**. Verkefninu er stýrt af Fafo rannsóknarstofnun í Noregi og að því koma 25-30 rannsakendur frá öllum Norðurlöndunum. Verkefnið er fjármagnað af Norrænu ráðherranefndinni og er ætlað að vera norrænt framlag til 100 ára afmælis Alþjóðavinnumálastofnunarinnar á árinu 2019. Verkefninu lýkur hins vegar ekki fyrr en á árinu 2020 enda gríðarlega umfangsmikið.

Verkefninu er skipt upp í sjö hluta og var inngangshluti verkefnisins kynntur í Osló þann 27. nóvember s.l. þar sem norskri vinnumálaráðherrann tók virkan þátt. Inngangsskýrsla rannsóknarinnar ber heitið **The Nordic Future of Work – Drivers, Institutions and Politics** og er ætlað að vera grunnurinn að því sem koma skal.

Tilhneiging til aukinnar misskiptingar á vinnumarkaði sem kallar á nýjar lausnir á sviði sí- og endurmenntunar.

Í fyrstu áfangaskýrslu rannsóknarinnar eru svokallaðir „aðaláhreifabættir“ (megatrends) fyrir framtíðar breytingar á vinnumarkaðnum skilgreindir. Rannsakendur eru að koma sér saman um að aðal áhrifabættirnir fjórir séu **lýðþróun**, þ.e. breytingar á íbúáþróun sem leiðir til hækkandi meðalaldurs, fólksflutninga og þéttbýlismyndunar. Í annan stað **loftslagsbreytingar** sem gerir græn umskipti nauðsynleg en leiðir einnig til aukins fólks flóttu. Í þriðja lagi **hnattvæðing framleiðslu** og verslunar og í fjórða lagi **tæknilegar breytingar**, þ.e. hröð þróun stafvæðingar, vélmennavæðingar, gervigreindar og líftækni.

Gert er ráð fyrir að vinnufærum íbúum í Evrópu muni fækka um 45 milljónir á næstu sex áratugum en að þessarar lýðþróunar muni gæta minna á Norðurlöndunum en annars staðar í álfunni.

„Fæðingatölur okkar hafa verið lítillega hærrí og innflutningur fólks meiri í samanburði við aðra hluta Evrópu. Þess vegna er þrýstingurinn á Norðurlönd ekki alveg eins mikill. En þetta þýðir um leið að við getum ekki nýtt vinnuafli frá Evrópu með sama hætti og áður,“

segir Johan Røed Steen, rannsakandi hjá FAFO og meðhöfundur rannsóknarskýrslunnar.

Áskoranirnar á Norðurlöndum snúast um að mennta fólk sem flytur til Norðurlanda og aðlaga það að vinnumarkaðnum.



Það mun líka verða þörf á miklum aðgerðum á sviði sí- og endurmenntunar þeirra sem þegar eru á norrænum vinnumarkaði, til þess að koma í veg fyrir að launa- og hæfnimunur aukist og að fólk verði útundan á vinnumarkaði. Þetta kallar á betra og skilvirkara símenntunarkerfi að mati skýrsluhöfunda.

Rannsókninni verða gerð góð skil á **ráðstefnu** sem haldin verður 4.-5. apríl á Íslandi sem fjalla mun um vinnumarkað framtíðarinnar.

Sjá nánar tölulegar upplýsingar á [mælaborði](#) Vinnumálastofnunar og í [excelskjöllum](#).

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysisstölu út frá ýmsum þáttum 2 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

Excelskjöl með tölulegum upplýsingum yfir lengri tímabil, ítarlega niður brotið eftir bakgrunnspáttum.

Pdf skjöl fylgja mánaðarskýrslu og auðvelt er að prenta út. Þar er að finna samanburð við fyrri mánuð og sama mánuð fyrir ári síðan, brotið niður m.a. eftir kyni og aldri.

Hér er að finna upplýsingar um mælingu á skráðu atvinnuleysi og aðrar forsendur fyrir tölum Vinnumálastofnunar um atvinnuleysi og fjölda atvinnulausra